

MEÐ OPIN AUGU

Með opin augu, nefnir Rafn Hafnfjörð sýningu sína á Kjarvalsstöðum, en þar sýnir hann í Vestursal á að giska 188 myndir. Það er því ekki lítið sem hann færirst í fang, og þeir sem einhverja nasasjón hafa af vinnu utan um sýningar, bæði hvað myndgerð varðar og annað stúss, hljóta að fyllast svolitilli lotningu gagnvart svona framtaki.

Þarna er á ferðinni stærri og viðameiri einkasýning en ég minnst að hafa áður séð á ljósmyndum.

Með opin augu.

Rafn Hafnfjörð gefur sýningu

sinni nafn. Með opin augu er þetta réttnefni, hvernig sem það er túlkað. Vilhjálmur Stefánsson landkönnuður hafði þá veiðikenningu í hafisum og auðnum norðurlandjarans, að allstáðar væri veiðidýr, aðeins ef menn hefðu opin augu, hvesstu sjón á land, ís og haf, og hann hafði rétt fyrir sér. Sá einn er hefur þolinmæði til að nota augun, veidir.

Mér komu þessi orð í huga, þegar ég skoðaði sýningu Rafns Hafnfjörð. Hann sér margt, sem fram hjá öðrum hefur farið, þótt sum mótif hans séu gamalkunn, bæði t.d. úr myndum Asgríms Jónssonar, sbr. Ok og frá Húsafelli og fl.

Við þekkjum flest eitthvað til verka Rafns Hafnfjörð, til dæmis af almanaki Eimskipafélagsins þó ekki væri af öðru og fleiri myndum er fara opinberlega, þannig að okkur kemur það ekki á óvart að hann skuli mynda. Hann er í fremstu röð þeirra er mynda svoleiðis myndir.

Ljósmyndun og list.

Það er dálítið örðugt að draga skýr mörk í ljósmyndun. Hún

Jónas Guðmundsson:

Myndlist

hefur, eins og ritlistin, svo margþætt gildi í þjóðlífinu.

Menn skrifa um allt milli himins og jarðar, blablagreinar, sendibréf, og svo er reynt að hefja ritab mál á listrænt svið, er við nefnum ljóðlist, eða fagar bókmenntir.

Svipaðu sögu er að segja úr flestu handverki.

Hjálmur Bárðarson, einn fremsti listmyndasmíður okkar segir í sýningarskrá Rafns Hafnfjörð á þessa leið og kemst vel að orði:

„Ekki er því að undra að menn efubúst um að nægjanlegt væri að þrýsta á hnapp á myndavél til að verða listamaður, enda var ljósmyndun víða um heim flokkuð sem iðngrein og nemum kennd ljósmyndun eins og hver önnur handið. Samtímis þeirri þróun fóru áhugamenn að fást við ljósmyndun og sum samtök þeirra lögðu mikla áherzlu á að sýna fram á að ljósmyndunin gæti verið listrænt tjáningarform. Þá var unnið markvisst að því að stækka og kopiera ljósmyndir á ýmsan hátt, þar sem hægt var að breyta raunveruleikanum á sem frjálsastan hátt. Þá var notað brómollubrykk og fleiri slíkar aðferðir, þar sem með pensli var hægt að gera ljósmynd þannig, að hún hafði líka áferð og málverk, eða svarthvít list. Með þessu vildu áhugamenn sýna fram á að ljósmyndin gæti stöðist samanburð við málalistina. Ekki voru þó allir á eitt sáttir við að þess gerðist þörf að eftirlíkja málverk til að ljósmyndin gæti orðið viðurkennt tjáningarform sem sjálfstæð listgrein.

Nú er þetta allt liðin tíð, og varla efast margir lengur um að ljósmynd geti verið list. Ef gerður er hlutlaus samanburður á árangri og aðferðum, þá má líka finna ótrúlega margar hlíðstæður. Listamaður sem vinnur

að svarthvítri pennateikningu notar til þess pappír og penna, — þó er pappír og penni notaður til margra annarra hluta en til að gera listaverk. Listmálari notar léreft, olíuliti og pensla til að gera olíumálverk, en olíulitir, málning og penslar eru líka notuð við húsamálun, sem almennt telst iðngrein en ekki listgrein. Sama gildir um hamar og meitil höggmynda-smíðsins, eða leir hans og spaða. Alla þessa hluti má einnig nota við abra vinnu, sem ekki gerir kröfu til að vera listrænn.

Þetta eru orð í tíma töluð.

Markmið og leiðir.

Segja má að Rafn Hafnfjörð spanni vilt svið í þessari sýningu. Hann hugsar um minjagildið. Dásamlegar voru myndirnar af vinnustofu Kjarvals, eins og gamli maðurinn skildi við hana þegar hann fór burt til að kveðja heiminn. Þarna blandast saman minjagildi og listrænt gildi.

Einnig eru þarna nokkur portret, sem hafa svipað gildi, myndir af húsum og byggð, sem er sífellt að breytast eins og andlitin.

Þá eru afstraktionir úr andliti fjallkonunnar, og svo að lokum ferðaskrifstofuskileri, þar sem fjallkonan glennir sig með sparivipinn, og öll fjöll og líkamspartar færast til og taka breytingum í aðráttarlínu og mekanisma myndavélarinnar. En með þessu er átt við, að ljósmyndarar okkar eru á stundum helst til heppnir með veður, að ekki sé nú meira sagt.

A vondu máli er þetta að falsla landið með myndavélum. Ísland er rigningarbæli. Stöðugur vindunúningur, regn og frost hefur búið til þetta land, ásamt eldhrauni, sprengingum og öskuhósta eldfjallanna.

Ég veit að starfsbræður í ljósmyndun erlendis eru ekki hótinu betri hvað þetta snertir, og vitna ég til viðhafnarmynda af öllum mögulegum löndum. Hitt er svo annað mál, að með

þessu er ég ekki að segja að Rafn Hafnfjörð sé eftir vissum dögum á myndum sínum.

Þetta eru miklar myndir og bera vott um tilfinningu fyrir landi og árstíðum. Ef gefa ætti leiðbeiningar, þá mætti helst finna að ljósfallinu. Þetta getur maður séð með samanburði innan sýningarinnar. Í norður-enda salarins er t.d. mynd af stublabergi, þar sem formin deyrja í skuggum. Í annarri mynd í austurendanum er líka mynd af stublabergi, þar sem ljósið leikur um formin, leikur við hvern sinn fingur.

Sumir staðir, þá sér í lagi landslag, á sér óvissa tíma hvað ljós snertir. Þeir leika kannski við ljós einu sinni á dag. Sumir þeir örðugustu, þó aðeins örfáa daga ársins. Þá er hið eina sanna ljóshorn frá sólu til að mynda þá rétt.

Við höfum svona hús í Grjóta-þorpinu, sem hvern morgun, vor og haust breytist í höll þegar sólin kemur upp, einkum ef það hefur rignt nóttina áður.

Ábra daga er þetta hús dauðinn upp málaður. Það er helst þessháttar ljóskaraktar sem maður saknar í landslagsmyndum, (yfirlitsmyndum) Rafns Hafnfjörð. Gott veður, sólskinsdagur, er oft látinn nægja, en ögurstundarinnar er ekki beðið, og er þá ekki átt við sjónarmið ferðaiðnaðarins, heldur listræna ljósmyndun.

Í heildina tekið er þetta stórmerk sýning, og hún opnar manni ný viðhorf til sumra staða, og til litabra ljósmynda líka, (eða litmynda), að þar veldur ekki aðeins hver á heldur, heldur eru litmyndir öflug aðferð til að skoða landið og skilgreina það, og hreint ekki síðri en málverk og litir í túpum.

Það er í raun og veru ofvaxið skilningi manns, að einn maður skuli geta komið upp svona stórrí og fjölbreyttri sýningu, jafnvel þótt áralangt starf liggi að baki og við hvetjum menn til að sjá með opin augun.

Sýningunni lýkur 21. október. Jónas Guðmundsson.



Ullin breidd til þerris í Brimnesi, Skagafirði, um 1942.

Ingólfur Davíðsson:

Byggt og búið í gamla daga


282

„Pissaðu í stampinn“ kallaði virðuleg prestsfrú á eftir gesti á leið fram bæjargöngin. Þetta gerðist í Grimsey fyrir rúmri öld, en gesturinn var úr landi. „Það er ekki of mikill þrifnaðurinn þó hlandið sé hirt til þvotta“ bætti konan við.

Og satt var orðið, stabið hland, kallað keyta, kom að nokkru í sápu stað á fyrri öldum. Í sjávarplássum pissuðu sjómenn stundum á hendur sínar til þvotta og töldu jafnframt að þá væri mun minni hætta á Igerð (fingurmeinum) en ella. Kann einhver fótur að vera fyrir því, eru ekki á okkar dögum unnin lyf úr mera- og kúahlendi? Þvottur úr því átti

líka að auka hárvöxt og gefa hárinu ljóma. Var til, að konur gengu í fjós til hárvotta allt fram á þessa öld.

Undirritaður man vel eftir því á uppvaxtarárum sínum á Stóru Hámundarstöðum, að safnað var keytu í kerald á bæjunum,



Hey flutt í hlöðu á Brimnesi í Skagafirði.



Ullarþvottur í Brimnesi í Skagafirði um 1942.

ætlað til ullarþvotta, en á þeim tíma var ullin jafnan þvegin heima við lækinn á hverjum bæ. Voru gerðar hlöðir, settur á stór jarnpottur fullur af keytu og ullin fyrst sobin í henni. Kynt undir með taði aðallega. Hrært var í pottinum með priki og ullin færð til svo suban nýttist sem best. Man ég sem barn eftir Helgu föðursystur minni, sem sat við pottinn og stjórnaði þvottinum. Eftir hæfilega suðu var ullin

færð upp með prikinu, látið síga úr henni og hún síðar látin í lárinn (eins konar grindakassa) til skolunar í læknum. Var lárinn skorðaður þar og rann tært lækjarvatnið í gegn. Lækurinn kom úr uppsprettlind skammt frá og þótti ærið kalsamt að skola ullina í ísköldu vatninu. Var stülkan sem það gerði ætíð skjólbúin.

Fullþvegin var ullin sett í smáhrúgur á hurð eða fleka og látið síga vel úr áður en henni var dreift líkt og heyi, þ.e. breidd á gras til þerris. Í göðum þerri þornaði ullin fljótt, ef þess var gætt að snúa lögðunum öðru hvoru. Gæta þurfti þess að hún fyki ekki ef hvessti, því að hún er fislétt að segja má. Man ég vel snjóhvítar ullarbreiðurnar eftir þvottinum. Ullin af mislita fénu (grá, svört, mórauð, flekkótt) var höfð sér. Vel þurr var ullin látin í poka.

Krakkar fengu að halda haga-lögðunum (upptíningnum) sínum sér, þ.e. ull sem þeir höfðu

fundu út um hagann og tint upp. Máttu þeir kaupa sér eitthvað fyrir lagðana. Þannig eignaðist ég smám saman allar Íslendingasögurnar. Verðgildi var þá annað á öllu en nú. Margar Íslendingasögurnar kostuðu 50 eða 75 áura, nokkrar 25 áura, Njála, að mig minni, 1,75 og Íslendingaþættir fjórutlu 2,50 Sturlunga eitthvað dýrari.

Myndir í þennan þátt hefur Þóra M. Stefánsdóttir Undra-landi í Reykjavík tekið. Sýnir 1. mynd ullarþvott í Brimnesi, Skagafirði, líklega árið 1942. Vinnufólk í Brimnesi, (Guðfinna og Sigmar) annabist þvottinum. Á hinni myndinni sést Halldóra, móðir Gunnlaugs bónda og kennara í Brimnesi, breiða ullina til þerris. Fenadurhús úr torfi og taðhlaði bakvið. Á þriðju myndinni flytur Björn Gunnlaugsson, bóndi í Brimnesi, hey heim í hlöðu og beitr þrem „Blesum“ fyrir ækið. Myndin er tekin á árunum 1942-1944.